Æskulýðsstarf

Hestamannafélagsins Loga 2008-2009

Æskulýðsnefnd Loga

Sigurlína kristinsdóttir

Helena Hermundardóttir

Sigríður Guðmundsdóttir

Líney Sigurlaug Kristinsdóttir

Bloggsíðan

Þann 12. október 2007 var bloggsíðan okkar opnuð og hefur henni verið vel við haldið síðan. Þar birtum við allar helstu fréttir og tilkynningar. Slóðin á síðuna er http://logakrakkar.blogspot.com/

Reiðtygjaþrif

Föstudaginn 16. janúar var boðað til reiðtygjaþrifa. Við fengum inni í Fellskoti þar sem 26 krakkar mættu og er það talsverð fjölgun frá fyrra ári. Einnig var gaman að sjá að þetta árið mættu foreldrar í stórum stíl með börnunum og hjálpuðu til við þrifin. Boðið var upp á pulsur, gos og köku., ásamt því að heimilisfólkið bauð öllum börnum upp á ís. Þá var haldinn fyrirlestur um örryggi í hestamennsku. Nefndin hefur hugsað sér að færa þessa uppákomu fram fyrir áramót og höfum boðað til þessa atburðar 23. október á þessu ári og þannig starta æskulýðsstarfinu fyrr.

Fundur

Boðað var til fundar í grunnskólanum í Reykholti mánudagskvöldið 9. Febrúar. Þessi fundur var fjölmennur og mættu börn og foreldrar til skrafs og ráðagerða um vetrarstarfið. Að þessu sinni hafði okkur verið boðið að taka þátt í sýningunni “Æskan og hesturinn” sem hefur lengi verið árlegur atburður í Reiðhöllinni í Víðidal. Foreldrar og börn voru áhugasöm og ákveðið var að setja saman sýningaratriði frá Loga, þar sem allir krakkar eða unglingar sem áhuga hefðu gætu tekið þátt. Hugsunin á bak við atriðið var að ekki væri skylda að hafa hest því ætlunin var að finna öllum hlutverk í atriðinu okkar burtséð frá hvort viðkomandi væri á hestbaki eða ekki enda eru þó nokkur börn og unglingar sem ekki hafa hest á húsi yfir vetrartímann. Guðrún Magnúsdóttir tók að sér að semja atriðið eftir að fundurinn var búinn að ræða um hugsanlega möguleika á sýningaratriði. Þar sem hestamannafélagið okkar átti 50 ára afmæli fannst okkur tilvalið að saga félagsins og sveitarinnar okkar kæmi vel fram í atriðinu.

Æskan og hesturinn

Æfingar hófust í íþróttahúsinu okkar í Reykholti 17. febrúar og þar æfðum við stíft næstu vikurnar. Allt þurfti að passa saman. Að allir hefðu hlutverk, vissu hvenær þeir ættu að koma inn og hvert þeir ættu að fara. Krakkarnir sem tóku þátt í þessu atriði voru á aldrinum 8-15 ára og stóðu sig frábærlega vel. Þá var komið að því að æfa á hestbaki. Við fórum að Flúðum í nýju reiðhöllina sem er í byggingu og æfðum þar inni. Þetta var virkilega skemmtilegur undirbúningur þar sem foreldrar og börn lögðu sig fram við að hjálpa til við undirbúning og endurteknar æfingar. Þegar að sjálfri sýningunni kom voru allir mjög spenntir. Við vorum búin að renna í gegnum eina generalprufu sem tókst vel þrátt fyrir að atriðið okkar væri í lengri kantinum. Það mátti sjá að hér fór fólk úr sveitinni með heybandslest og trússhesta. Smalamenn og kindur að koma af fjalli. En atriðið spannaði breitt tímabil í hestamennsku sveitarinnar, frá því að hesturinn var eina farartækið og til dagsins í dag. Krakkarnir voru glæsileg í búningum sínum: biskup, kona í söðli, sumir berbak eða börn sem léku kindur. Allt féll þetta saman og myndaði glæsilegt og óhefðbundið atriði.

Einnig tóku börn á aldrinum 4-9 ára þátt í búningareiðinni og voru þau mög ánægð með sitt hlutverk. Við fengum höfðinglegar móttökur í Víðidalnum þar sem velviljað fólk lét okkur eftir hesthús sín og kaffistofur.

Kvöldverður í Reykjavík

Á laugardagskvöldið eftir seinni sýninguna var ákveðið að allur hópurinn, bæði foreldrar og börn, færu saman út og fengju sér að borða. Við pöntuðum borð á Pizza Hut og mættum öll hersingin. Þetta var eftirminnilegt kvöld og frábært að sjá svona marga saman börn og foreldra.

Æskulýðsdagur

Var haldinn í samstarfi við Friðheima. Við í nefndinni fórum í Grunnskóla Bláskógabyggðar í Reykholtiog fengum börnin með okkur úr 1.-6. bekk út í Friðheima. Þar sem teymt var undir þeim. Eldri börn úr skólanum sem verið hafa í valgreinum í hestamennsku sýndu atriði og tókst það mjög vel. Veðrið lék ekki við okkur þetta árið. Grenjandi rigning var allann tímann en heldur lítið hægt að gera í því, en allir voru vel klæddir og létu veðrið ekki hafa nein áhrif á skemmtunina. Í lok sýningar snæddu börnin nesti í boði æskulýðsnefndarinnar og svo var haldið aftur í grunnskólann.

Fjölskylduskemmtun

Í tilefni vel heppnaðrar sýningar á Æskan og hesturinn var ákveðið að koma saman og vera með smá skemmtun fyrir börn og foreldra. Við hittumst í grunnskólanum og sýndum myndbandsupptöku af atriðinu okkar. Það var gaman fyrir krakkana að sjá atriðið sem áhorfandi. Við höfðum bakað mikið af pönnukökum og fengu allir sér hressingu og spjölluðu svo um þetta ævintýri að vera með í svona sýningu. Allir virtust ánægðir með þátttökuna og útkomuna á atriðinu.

17. júní

Það er orðin hefð að ungmenni frá Loga taki þátt í hátíðarhöldunum á 17. júní . Þetta hefur verið gert undanfarin 3 ár að þau leiði skrúðgönguna með fánareið, sem er farin frá Bjarnabúð að íþróttarhúsinu í Reykholti. Glæsileg sýn og mjög hátíðlegt að sjá

Reiðnámskeið og firmakeppni

Reiðnámskeið hefur verið haldið bæði um vetur og sumar. Sumar reiðnámskeiðið er alltaf talsvert fjölmennara enda eru þá flestir með hesta á járnum. Það hefur tíðkast að sértök nefnd sjái um sumarreiðnámskeið og önnur um firmakeppnina en engu að síður er þetta starf sem miðast við þátttöku barna og unglinga. Reiðnámskeiðið var haldið á félagssvæði Loga á Hrísholti vikuna 8.-12. júní og var kennari Vilfríður Snæþórsdóttir, skráningin mjög góð um 60 börn og fullorðnir. Í framhaldi var svo firmakeppnin sem var mjög vel heppnuð.

Mót innan sem utan félagsins.

Við höfum orðið vör við talsverða aukningu keppenda í polla- og barnaflokki innan félagsmóta Loga og ber þá helst að nefna firmakeppnina sem slær yfirleitt met í skráningu í polla- og barnaflokki. Þá var mikil skráning í polla- og barnaflokk á

félagsmótinu okkar í ágúst og mál manna að þarna væri á ferðinni kröftugur og flottur barnaflokkur. Þá fóru fulltrúar frá félaginu á Íslandsmót barna og unglinga í Mosfellsbæ og Suðurlandsmót á Hellu. Nánar má sjá úrslit móta inn á heimasíðunni okkar http://logakrakkar.blogspot.com/ .

Æskulýðsreiðtúr

Æskulýðsreiðtúrinn var farinn sunnudaginn 9. ágúst frá Brú og riðið inn í Haukadalsskóg. Mætingin var góð, en alls mættu 49 manns allt frá 4 ára og uppúr. Veðrið var milt og skúrir . Við vorum ekki vissar í nefndinni hvort næg þátttaka yrði vegna þess hve seint reiðtúrinn var farinn miðað við árið áður en úr varð helmings fjölgun reiðmanna. Þannig að það virðist ágætis tími að fara í ágúst. Útbúin hafði verið rétt við Haukadalskirkju og þar beið allra fínasta nesti sem heimilisfólkið á Brú hafði útbúið. Eftir áninguna var haldið af stað til baka að Brú þar sem reiðtúrnum lauk. Virkilega skemmtilegur dagur og vel heppnuð ferð.

Starf foreldra

Foreldrar hafa verið mjög virkir í félaginu þetta árið og má þar nefna góða eftirfylgni og hjálp við æfingar fyrir sýninguna „Æskan og hesturinn“ sem krafðist mikillar vinnu og undirbúnings. Þar sá ákveðinn hópur um að skaffa og búa til búninga, og aðrir um keyrslu hesta og barna á æfingar. Einnig hafa hestamannafélaginu borist ýmsar gjafir sem þakklæti fyrir vel unnin störf í þágu barna og unglinga. Á hestaþinginu í Hrísholti í ágúst höfðu nokkrir foreldrar tekið sig saman fyrir tilstuðlan Jóhanns Björns Óskarssonar og unnið að ýmsum endurbótum á svæðinu, s.s. að bera í stíga, veg og plan. Þar komu þau að, Sigurður og Mábil á Geysi, sem útveguðu möl ofan úr Haukadal. Einnig var félaginu færð forláta fánastöng sem unnin var úr greni sem fengið var úr Svartagili í Haukadal en stöpullin var gerður úr stuðlabergi frá Hrepphólum. Þökkum við Einari Óskarssyni, Guðrúnu Sveinsdóttur, Þorsteini Þórarinssyni, Óskari Björnssyni, Ólafi Stefánssyni og Jóhanni B. Óskarssyni kærlega fyrir gjöfina.

Þá barst okkur stórkostleg gjöf fimmtudagsskvöldið 24. september síðastliðinn. Jóhann Björn Óskarsson hafði fengið Sigríði Jónu Kristjánsdóttur (Siggu á Grund) til að útbúa farandskjöld í minningu tveggja sona sinna, Svanbergs Jóhannssonar og Gunnars Berg Jóhannssonar, sem létust 19 ára og hinn 22 ára. Skjöldurinn ber nafnið Feykir og mun verða úthlutað í æskulýðsstarfinu til þess "*einstaklings sem á einn eða annan hátt hefur sýnt framfarir á sviði hestamennskunnar og jafnframt verið öðrum góð fyrirmynd.*" Við valið á viðkomandi er leitað eftir prúðmennsku og dugnaði jafnt innan vallar sem utan og því miðast valið ekki við hve oft hefur verið unnið til verðlauna á hestamótum, heldur allra afreka í æskulýðsstarfinu. Við þökkum kærlega fyrir hlýhug og fallegar gjafir sem æskulýðsnefndin getur með stolti veitt komandi kynslóðum. Í

Uppskeruhátíð

Mánudaginn 28. október var svo haldin vegleg uppskeruhátíð í grunnskólanum í Reykholti. Flest barnanna sem skráð eru í félagið mættu og fjölmargir foreldrar, allir voru búnir að útbúa einhverjar kræsingar á hlaðborð sem svignaði undan herlegheitunum. Farið var yfir fyrirhugað starf á næsta ári og viðraðar nýjar hugmyndir og leist öllum vel á þær. Æskulýðsnefndin veitti þeim börnum sem tóku þátt í Æskan og hesturinn verðlaunapening og foreldrum sem á einn eða annan hátt komu að sýningunni var veitt viðurkenning fyrir vel unnin störf. Þá var farandskjöldurinn Feykir veittur í fyrsta sinn, eins og fram hefur komið gaf Jóhann Björn Óskarsson gripinn, en hann hlaut í ár Vilborg Rún Guðmundsdóttir fyrir dugnað, framfarir og prúðmennsku í hestamennsku. Svo var boðið að hlaðborðinu og spjallað yfir veitingunum eitthvað fram eftir kvöldi. Allir voru sammála um að starfið með krökkunum væri mjög gefandi enda gleðin í æskulýðsstarfinu bæði smitandi og hvetjandi.

Við í nefndinni erum mjög ánægðar með þátttöku barna og unglinga í æskulýðsstarfinu þetta árið sem er vel að merkja 50. afmælisár Loga. Við settum okkur yfirlýst markmið í byrjun starfsárs sem var að stuðla að samveru fjölskyldunnar í hestamennskunni og hefur það sannalega verið reyndin þetta árið. Við nefndarkonur erum þakklátar fyrir góðvilja og jákvæðni í garð æskulýðsstarfsins og það hvetur okkur sannarlega til að halda áfram og við vonum að æskulýðsstarfið megi vaxa og dafna, félaginu til sóma.

Æskulýðsnefnd Loga